



Dómsmálaráðherra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. september 2026

Efni: Ítrekun – réttarvernd barna sem verða fyrir kynferðisbrotum.

Umboðsmaður barna vísar til bréfs embættisins til dómsmálaráðherra, dags. 30. apríl sl., vegna réttarverndar barna sem verða fyrir kynferðisbrotum. Í bréfinu var kallað eftir því að lágmarksaldur samþykkis yrði skilgreindur sérstaklega í 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Jafnframt var þess óskað að XXII. kafli laganna yrði tekinn til heildstæðrar endurskoðunar með það að markmiði að auka réttarvernd barna. Við þá endurskoðun þyrfti meðal annars að huga sérstaklega að vernd barna á aldrinum 15 til 18 ára og taka mið af breyttu samskiptamynstri barna og aukinni notkun samskiptaforrita.

Þá var óskað eftir því að embættinu yrði haldið upplýstu um framgang málsins, þar á meðal um þau viðbrögð og þær ráðstafanir sem ráðuneytið hygðist grípa til í kjölfar erindisins. Þess var óskað að svar bærst eigi síðar en 27. maí sl. Umboðsmaður barna ítrekaði erindið með tölvupósti þann 18. júní og 19. ágúst sl., en svör hafa enn ekki borist.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Umboðsmaður barna ítrekar því erindið á ný og óskar þess að svör berist embættinu án frekari dráttar.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna